

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

98/EES/28/01

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 46/98/COL frá 4. mars 1998 um útgáfu tveggja tilkynninga á sviði samkeppnismála um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins 1

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/28/02

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1097 – Wacker/Air products) 17

98/EES/28/03

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1230 – Glaverbel/PPG) 18

98/EES/28/04

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.4 – Orange/Viag) 18

98/EES/28/05

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.5 – Cegetel/Canal+/America Online/Bertelsmann) 19

98/EES/28/06

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/JV.6 – Ericsson/Nokia/Psion) 20

98/EES/28/07	Tilkynning um samstarfsamninga (Mál nr. IV/37.078/F-3)	20
98/EES/28/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1231 – IVO/Stockholm Energi)	21
98/EES/28/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.931 – Neste/IVO)	22
98/EES/28/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1148 – STET/GET/Madrid Cable)	22
98/EES/28/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1153 – Krauss-Maffei/Wegmann)	22
98/EES/28/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1154 – McDermott/ETPM)	23
98/EES/28/13	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1162 – GE/Bayer)	23
98/EES/28/14	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1186 – GEAL/CREA/CGE)	24
98/EES/28/15	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1100 - CGEA/Linjebuss)	24
98/EES/28/16	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1101 – Hermes/Sampo/FGB - FCIC)	25
98/EES/28/17	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1110 – VAW/Reynolds Metals)	25
98/EES/28/18	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1122 – Kredietbank/Cera Bank)	26
98/EES/28/19	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1142 – Commercial Union/General Accident)	26
98/EES/28/20	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1146 – SHV Energy/Thyssen Klöckner Recycling (sjá CECA 1271)	27
98/EES/28/21	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1178 – Koch/Euro Splitter & J. Aron)	27
98/EES/28/22	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1195 – Siebe/Eurotherm)	28
98/EES/28/23	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 11/98 - Þýskaland	28
98/EES/28/24	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 21/98 - Ítalía	29
98/EES/28/25	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 48/97 - Svíþjóð	29
98/EES/28/26	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 17/98 - Þýskaland	29

98/EES/28/27	Tilkynning frá frönsku ríkisstjórninni varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni	30
98/EES/28/28	Skrá yfir útgefín sköl framkvæmdastjórnarinnar	30
98/EES/28/29	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 1. 6. til 19. 6. 1998	32
98/EES/28/30	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir	34
3. Dómstóllinn		
98/EES/28/31	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	36
98/EES/28/32	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	41

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

98/EES/28/01

Nr. 46/98/COL

frá 4. mars 1998

um útgáfu tveggja tilkynninga á sviði samkeppnismála um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið⁽¹⁾, einkum 55. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls⁽²⁾, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 25. gr.,

að höfðu samráði við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur samþykkt tilkynningu um skilgreiningu á hugtakinu viðeigandi markaður að því er varðar samkeppnislög bandalagsins⁽³⁾ og tilkynningu um minniháttar samninga sem falla ekki undir gildissvið 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins⁽⁴⁾,

Þessar tilkynningar varða einnig Evrópska efnahagssvæðið,

Nauðsynlegt er að veita fyrirtækjum upplýsingar um þær meginreglur og ákvæði sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til hliðsjónar þegar hún beitir hugtakinu viðkomandi markaður (vörumarkaður og landfræðilegur markaður) og þegar hún metur hvort samningur hefur merkjanleg áhrif á viðskipti og samkeppni með tilliti til 53. til 60. gr. EES-samningsins.

Tryggja ber að EES-samkeppnisreglum sé beitt eins alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Samkvæmt II. lið undir fyrirsögninni „Almennt“ í lok XIV. viðauka við EES-samninginn ber eftirlitsstofnuninni að samþykkja, að höfðu samráði við framkvæmdastjórn EB, gerðir sem samsvara þeim sem EB-framkvæmdastjórnin hefur samþykkt til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum.

⁽¹⁾ Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

⁽²⁾ Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 372 frá 9. 12. 1997, bls. 5.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 372 frá 9.12. 1997, bls. 13.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Gefa skal út eftirfarandi tilkynningar er fylgja sem I. og II. viðauki við þessa ákvörðun:
 - Tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (EES),
 - Tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
2. Þessi ákvörðun og meðfylgjandi tilkynningar eru fullgildar á ensku og skulu birtar í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 4. mars 1998

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Knut Almestad
forseti

Hannes Hafstein
stjórnarmaður.

I. VIÐAUKI

TILKYNNING EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA UM SKILGREINGU Á HUGTAKINU VIÐKOMANDI MARKAÐUR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SAMKEPPNISLÖG Á EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐINU (EES)

- A. Þessi tilkynning er birt samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samkvæmt samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út tilkynningu um skilgreiningu á viðkomandi markaði að því er varðar samkeppnislög bandalagsins⁽¹⁾. Þessi gerð sem ekki er bindandi hefur að geyma meginreglur og ákvæði sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fylgir á sviði samkeppnismála.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu tekur Eftirlitsstofnun EFTA upp þessa tilkynningu í krafti þess valds sem henni er veitt samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól. Hún ætlar að fylgja þeim meginreglum og ákvæðum sem kveðið er á um í þessari tilkynningu þegar hún beitir viðeigandi samkeppnisreglum EES í tilteknu máli.

I INNGANGUR

1. Markmið þessarar tilkynningar er að veita leiðbeiningar um hvernig Eftirlitsstofnun EFTA beitir hugtakinu viðkomandi markaður (vörumarkaður og landfræðilegur markaður) við framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins, einkum ákvæðum II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽²⁾ og 1. liðar XIV. viðauka við EES-samninginn, ásamt XIII. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽³⁾, og tilsvareandi ákvæðum á öðrum sviðum svo sem flutningum og kola- og stáliðnaðinum.⁽⁴⁾
2. Skilgreining á markaði er tæki til að greina og skilgreina takmarkanir á samkeppni milli fyrirtækja. Hún gerir kleift að setja rammareglur sem Eftirlitsstofnun EFTA fylgir við framkvæmd stefnu sinnar á sviði samkeppnismála. Meginilgangurinn með skilgreiningu á markaði er að greina með skipulegum hætti samkeppnishömlur sem viðkomandi fyrirtæki standa frammi fyrir⁽⁵⁾. Markmiðið með að skilgreina markað, bæði með tilliti til vöru- og landfræðilegs markaðar, er að greina raunverulega keppinauta hlutaðeigandi fyrirtækja sem geta haft hamlandi áhrif á umsvif þeirra og komið í veg fyrir að þau geti aðhafst óháð virkum samkeppnisþrýstingi. Í þessu ljósi gerir markaðsskilgreiningin meðal annars kleift að reikna út markaðshlutdeild sem veitir mikilvægar upplýsingar um markaðsstöðu í þeim tilgangi að meta yfirburðastöðu eða í því skyni að beita 53. gr. EES-samningsins.
3. Af framansögðu leiðir að hugtakið „viðkomandi markaður“ er ólíkt öðrum markaðshugtökum sem oft eru notuð í öðru samhengi. Til dæmis nota fyrirtæki oft hugtakið „markaður“ um svæðið þar sem þau selja vörur sínar eða almennt um iðnaðinn eða atvinnugreinina sem þau tilheyra.
4. Skilgreiningin á viðkomandi markaði, bæði með tilliti til vöru- og landfræðilegs markaðar, hefur oft afgerandi áhrif á mat á máli er varðar samkeppni. Eftirlitsstofnun EFTA væntir þess að með því að gera opinberar málsmeðferðarreglurnar sem hún fylgir þegar hún fjallar um markaðsskilgreiningu og með því að greina frá þeim viðmiðum og staðreyndum sem hún grundvallar ákvarðanir á, verði stefna hennar og ákvörðunartaka í samkeppnismálum ljósari en ella.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 372, 9. 12. 1997, bls. 5.

⁽²⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 17/62 (almenn málsmeðferð).

⁽³⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 (eftirlit með samfylkingu fyrirtækja).

⁽⁴⁾ Þegar mál er varða ríkisaðstoð eru metin er styrkþegi og viðkomandi iðnaður eða atvinnugrein fremur tekin til athugunar en samkeppniserfiðleikarnir sem styrkþegi á við að etja. Þegar markaðsstaða og þar með viðkomandi markaður er tekin til athugunar í ákveðnu máli, má nota aðferðirnar sem hér er lýst í grófum dráttum sem grundvöll að mati á málum er varða ríkisaðstoð.

⁽⁵⁾ Í þessari tilkynningu munu viðkomandi fyrirtæki, þegar um er að ræða samfylkingu fyrirtækja, talin aðilar að samfylkingunni. Í rannsóknnum samkvæmt 54. gr. EES-samningsins teljast þau vera fyrirtækin sem tekin eru til rannsókna eða umkvörtunaraðilarnir. Við rannsóknir samkvæmt 53. gr. EES-samningsins verða þau aðilar að viðkomandi samningi.

5. Aukið gagnsæi verður einnig til að auðvelda fyrirtækjum og ráðgjöfum þeirra að sjá fyrir hugsanleg afskipti Eftirlitsstofnunar EFTA af einstöku máli af aðstæðum er varða samkeppni. Fyrirtæki gætu þannig tekið mið af þeim möguleika við eigin ákvarðanir, til dæmis þegar þau íhuguðu kaup, stofnun fyrirtækja um sameiginlegt verkefni eða gerð ákveðinna samninga. Einnig ættu fyrirtæki betri möguleika á að skilja hvaða upplýsingar eftirlitsstofnunin telur að skipti máli í tengslum við skilgreiningu á markaði.
6. Túlkun Eftirlitsstofnunar EFTA á hugtakinu „viðkomandi markaður” er með fyrirvara um hugsanlega túlkun EFTA-dómstólsins, EB-dómstólsins eða dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.

II SKILGREINING Á VIÐKOMANDI MARKAÐI

Skilgreining á viðkomandi vörumarkaði og viðkomandi landfræðilegum markaði

7. Tiltekna gerðir sem varða 53. og 54. gr. EES-samningsins, einkum ákvæðin í 6. þætti eyðublaðs A/B hvað varðar II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽⁶⁾, sem og ákvæðin í 6. þætti eyðublaðs CO hvað varðar 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og XIII. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽⁷⁾ hafa að geyma eftirfarandi skilgreiningar. „Viðkomandi vörumarkaðir” eru skilgreindir sem hér segir:

„Viðkomandi vörumarkaður nær yfir allar vörur og/eða þjónustu sem notendur telja jafngilda eða hliðstæða vegna einkenna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.”

8. „Viðkomandi landfræðilegir markaðir” eru skilgreindir sem hér segir:

„Viðkomandi landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður eru svo líkar innbyrðis að hægt er að greina hann frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisaðstæður eru greinilega með ólíkum hætti á þeim svæðum.”

9. Viðkomandi markaður til að meta tiltekið samkeppnismál tekur því bæði til vörumarkaðarins og landfræðilega markaðarins. Eftirlitsstofnun EFTA túlkar skilgreiningarnar í 7. og 8. gr. (sem endurspeglar réttarvenju EB-dómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi sem og venju stofnunarinnar við ákvarðanatöku) samkvæmt leiðbeiningunum sem skilgreindar eru í þessari tilkynningu.

Hugtakið viðkomandi markaður og markmið samkeppnismálastefnu EES

10. Hugtakið viðkomandi markaður er nátengt þeim markmiðum sem samkeppnisreglur EES-samningsins stefna að. Til dæmis miðar eftirlit með grundvallarbreytingum á framboði á vörum eða þjónustu í tengslum við eftirlit með samruna fyrirtækja á EES, að því að koma í veg fyrir að yfirburðastaða verði til eða styrkist sem gæti hindrað með afgerandi hætti virka samkeppni á umtalsverðum hluta svæðisins sem EES-samningurinn tekur til. Samkvæmt samkeppnisreglum EES merkir yfirburðastaða það að fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða er í aðstöðu til að starfa að talsverðu leyti óháð keppinautum sínum, viðskiptavinum og að síðustu neytendum.⁽⁸⁾ Slík staða kæmi alla jafna upp ef fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða stæði fyrir stórum hluta framboðs á tilteknum markaði, enda bentu aðrir þættir sem greindir væru í matinu (svo sem aðgangshindranir, geta viðskiptavina til að bregðast við o.s.frv.) til þess sama.
11. Eftirlitsstofnun EFTA notar sömu aðferðir við beitingu 54. gr. EES-samningsins gagnvart fyrirtækjum sem ein eða saman eru í yfirburðastöðu. Samkvæmt II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽⁹⁾ hefur Eftirlitsstofnun EFTA heimild til að rannsaka og binda enda á misbeitingu slíkrar yfirburðastöðu, sem einnig ber að skilgreina með hliðsjón af viðkomandi markaði.

⁽⁶⁾ Sjá 2. neðanmálsgrein.

⁽⁷⁾ Sjá 3. neðanmálsgrein.

⁽⁸⁾ Skilgreining EB-dómstólsins í dómi frá 13. febrúar 1979 í máli 85/76 Hoffmann-La Roche [1979] dómasafn EB 461, og staðfest í síðari dómum.

⁽⁹⁾ Sjá neðanmálsgrein 2.

Einnig kann að vera nauðsynlegt að skilgreina markaði í tengslum við beitingu 53. gr. EES-samningsins, einkum þegar ákvarða skal hvort um sé að ræða umtalsverða takmörkun á samkeppni eða til að ganga úr skugga um hvort skilyrðin samkvæmt b-lið 3. mgr. 53. gr. fyrir undanþágu frá beitingu 1. mgr. 53. gr. séu uppfyllt.

12. Viðmiðunum til að skilgreina viðkomandi markað er alla jafna beitt til að greina tiltekna hegðun á markaðinum og til að greina grundvallarbreytingar á vöruframboði. Þessi aðferð kann þó að leiða til mismunandi niðurstaðna eftir því hvers konar samkeppni verið er að rannsaka. Til dæmis kann umfang landfræðilega markaðarins að vera annað þegar verið er að greina samfylkingu, þar sem aðallega er um að ræða greiningu á framtíðartengslum, en þegar verið er að rannsaka fyrri hegðun. Mismunandi tímaviðmið í hverju máli kunna að leiða til þeirrar niðurstöðu að mismunandi landfræðilegir markaðir séu skilgreindir fyrir sömu vörur eftir því hvort Eftirlitsstofnun EFTA er að rannsaka breytingar á framboði, svo sem samfylkingu fyrirtækja eða samvinnufyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða mál varðandi ákveðna fyrri hegðun.

Grundvallarreglur um markaðsskilgreiningu

Samkeppnishömlur

13. Helstu samkeppnisástæður sem takmarka svigrúm fyrirtækja eru þrenns konar, þ.e. staðgengd í eftirspurn, staðgengd í framboði og hugsanleg samkeppni. Þegar viðkomandi markaður er skilgreindur út frá hagfræðilegu sjónarmiði veitir staðgengd í eftirspurn birgjum tiltekinnar vöru beinast og árangursríkast aðhald, einkum þegar þeir verðleggja hana. Fyrirtæki eða fyrirtækjasamstæða getur ekki haft merkjanleg áhrif á ríkjandi söluskilmála, svo sem verð, ef viðskiptavinir geta auðveldlega skipt yfir í aðrar tiltækar staðgengdarvörur eða snúið sér til birgja annars staðar. Í grundvallaratriðum felst markaðsskilgreining í því að ákvarða hvort viðskiptavinir viðkomandi fyrirtækja eigi í reynd kost á öðrum birgðauppsettum, bæði hvað varðar vörur/þjónustu og landfræðilega staðsetningu birgja.
14. Samkeppnishömlur sem stafa af staðgengd í framboði, annarri en þeirri sem lýst er í 20.-23. mgr., og af hugsanlegri samkeppni, eru alla jafna óbeinni og kalla ávallt á að viðbótarþættir séu greindir. Slíkar hömlur eru því teknar til athugunar við mat á samkeppni.

Staðgengd í eftirspurn

15. Við mat á staðgengd í eftirspurn er ákvörðuð vörulína sem neytandi lítur á sem staðgengdarvörur. Líta má á eina leið til ákvörðunar sem fræðilega tilraun þar sem gengið væri út frá hugsanlegri en lítilli varanlegri breytingu á afstæðum verðum og líkleg viðbrögð neytenda við þeirri hækkun metin. Við skilgreiningu á markaði er athyglinni af praktískum ástæðum beint að verðunum og einkum að staðgengd í eftirspurn, sem leiðir af litlum varalegum breytingum á afstæðum verðum. Þetta getur gefið skýrar vísendingar um hvaða þættir skipta máli við að skilgreina markaði.
16. Fræðilega felur þessi aðferð í sér að með því að ganga út frá þeim vörutegundum sem viðkomandi fyrirtæki selja og sölusvæði þeirra verði viðbótarvörur og -svæði tekin með eða útilokuð frá markaðsskilgreiningunni, allt eftir því hvort samkeppni, sem þessar viðbótarvörur eða svæði hafa í för með sér, hefur áhrif á eða hamlar nægilega verðlagningu á vörum aðilanna til skamms tíma.
17. Meginspurningin er hvort viðskiptavinir viðkomandi aðila myndu snúa sér að öðrum tiltækum staðgengdarvörum eða að birgjum annars staðar til að bregðast við hugsanlega lítilli (á bilinu 5 til 10%) en varanlegri hækkun á afstæðu verði á viðkomandi vörum og svæðum. Ef staðgengd nægði til að verðhækkun yrði óarðbær vegna sölutaps í kjölfarið yrði að taka fleiri staðgengdarvörur og svæði með í viðkomandi markaði. Þetta yrði gert þar til fengjust tilteknar vörulínur og landfræðileg svæði þar sem litlar en varanlegar hækkunar á afstæðu verði væru arðbærar. Samsvarandi greining á við í tilvikum þar sem um er að ræða samþjöppun kaupgetu. Í því tilviki yrði gengið út frá birginum og verðprófunin væri til að greina aðrar dreifingarleiðir eða sölustaði fyrir vörur birgisins. Við beitingu á þessum meginreglum ber að taka náið mið af tilteknum sérstökum aðstæðum eins og lýst er í 56. og 58. mgr.

18. Þetta verðpróf má skýra með hagnýtu dæmi. Ef því er til dæmis beitt á samruna gosdrykkjaframleiðenda, ber að rannsaka hvort gosdrykkir með mismunandi bragði tilheyra sama markaði. Í reynd snýst málið um það hvort neytandi gosdrykks A myndi skipta yfir í annað bragð ef varanleg verðhækkun á bilinu 5 - 10% yrði á gosdrykk A. Ef nægilegur fjöldi neytenda myndi skipta yfir í t.d. gosdrykk B þannig að verðhækkun á gosdrykk A skilaði ekki hagnaði vegna söluminnkunar, myndi markaðurinn að minnsta kosti taka til gosdrykkja A og B. Til viðbótar yrði ferlið síðan að ná til annarra bragðtegunda sem eru í boði þar til greind hefði verið vörulína þar sem verðhækkun myndi ekki leiða til nægilegrar staðgengdar í eftirspurn.
19. Verðið sem almennt skal taka til greina, og einkum við rannsókn á samrunamálum, er gildandi markaðsverð. Þetta kann þó að horfa öðru vísi við þegar gildandi verð hefur ráðist af ófullnægjandi samkeppni. Við rannsókn á misnotkun á yfirburðastöðu verður því tekið mið af að e.t.v. hafi gildandi verð þegar verið hækkað verulega.

Staðgengd í framboði

20. Einnig má taka til greina staðgengd í framboði þegar verið er að skilgreina markaði við aðstæður þar sem hún hefur sambærileg virk og bein áhrif og staðgengd í eftirspurn. Þetta þýðir að birgjar geta brugðist við litlum en varanlegum breytingum á afstæðum verðum með því að framleiða viðkomandi vörur og markaðssetja þær á skömmum tíma⁽¹⁰⁾ án þess að það leiði til umtalsverðs viðbótarkostnaðar eða áhættu. Þegar þessum skilyrðum er mætt hefur viðbótarframleiðslan, sem sett er á markaðinn, aðhaldsáhrif á samkeppnishegðun viðkomandi fyrirtækja. Slík virk og bein áhrif samsvara áhrifunum af staðgengd í eftirspurn.
21. Þessar aðstæður koma iðulega upp þegar fyrirtæki markaðssetja eina vöru í misjöfnum gæðaflokkum. Jafnvel þótt mismunandi gæði fullnægi ekki ákveðnum viðskiptavini eða neytendahópi verða hin ólíku gæði talin tilheyra einum vörumarkaði, að því tilskildu að flestir birgjar geti boðið og selt þessi mismunandi gæði umsvifalaust og án þeirrar umtalsverðu kostnaðarhækkunar sem lýst er hér að framan. Í slíkum tilvikum tekur viðkomandi vörumarkaður til allra vara sem geta komið hver í stað annarrar við framboð og eftirspurn, og sala þessara vara verður lögð saman til að sýna heildarverðmæti eða -umfang markaðarins. Með sömu rökum má sameina mismunandi landfræðileg svæði í eitt.
22. Pappírsmarkaðurinn er gott dæmi þegar rannsaka skal staðgengd í framboði í tengslum við skilgreiningu á vörumörkuðum. Pappír er alla jafna seldur í mismunandi gæðaurvali, frá stöðluðum skrifpappír í pappír í háum gæðaflokki sem notaður er, svo dæmi sé tekið, í listaverkabækur. Í ljósi staðgengdar í eftirspurn er ekki hægt að nota pappír í mismunandi gæðaflokkum í hvað sem er, þ.e. ekki er hægt að framleiða listaverkabók eða bók í háum gæðaflokki úr lélegum pappír. Þó eru pappírsverksmiðjur reiðubúnar að framleiða pappír af mismunandi gæðum og unnt er að aðlaga framleiðsluna með mjög litlum tilkostnaði og með stuttum fyrirvara. Ef ekki er um að ræða sérstaka erfiðleika í dreifingu, geta pappírframleiðendur því keppt um pantanir á ýmsum gæðum pappírs, einkum ef pantað er með það góðum fyrirvara að unnt er að breyta framleiðsluáætlunum. Við slíkar aðstæður myndi Eftirlitsstofnun EFTA ekki skilgreina aðgreindan markað fyrir hvern gæðaflokk pappírs og notkun hans. Viðkomandi markaður tekur til mismunandi pappírsgæða og salan er lögð saman til að meta heildarverðmæti og -umfang markaðarins.
23. Þegar staðgengd í framboði felur í sér þörf á að aðlaga umtalsvert fyrirliggjandi efnislegar og óefnislegar eignir, viðbótarfjárfestingar, stefnumarkandi ákvarðanir eða fresti er það ekki tekið til greina við skilgreiningu á markaði. Sem dæmi um að staðgengd í framboði sé ekki líkleg til þess að Eftirlitsstofnun EFTA útvíkki skilgreiningu á markaðinum, má nefna neytendavörur, einkum merktar drykkjarvörur. Jafnvel þótt átöppunarverksmiðjur geti að meginreglu til átappað ýmis konar drykkjarvörur, er um að ræða tilkostnað og aðlögunartíma (auglýsingar, prófun á framleiðslu og dreifingu) áður en hægt er að selja vöruna. Í þessum tilvikum yrðu áhrif af staðgengd í framboði og annarri hugsanlegri samkeppni rannsökuð á síðara stigi.

⁽¹⁰⁾ Þ.e.a.s. á tímabili sem kallar ekki á umtalsverðar breytingar á efnislegum og óefnislegum eignum (sjá mgr. 23).

Hugsanleg samkeppni

24. Þriðja samkeppnislega takmörkunin sem fyrirtæki búa við, þ.e. hugsanleg samkeppni, er ekki tekin til greina við skilgreiningu á mörkuðum. Einungis er unnt að segja til um hvort hugsanleg samkeppni takmarki í reynd samkeppnislegt svigrúm með því að greina ákveðna þætti og aðstæður í tengslum við skilyrði fyrir aðgangi að markaðinum. Ef þörf krefur er þessi greining eingöngu framkvæmd á síðari stigum, alla jafna eftir að hlutaðeigandi fyrirtæki hefur tryggt stöðu sína á viðkomandi markaði og þessi staða gefur tilefni til að hafa áhyggjur hvað varðar samkeppni.

III STAÐREYNDIR SEM LAGÐAR ERU TIL GRUNDVALLAR VIÐ SKILGREININGU Á VIÐKOMANDI MARKAÐI

Skilgreining á viðkomandi markaði í reynd

Vörumarkaðurinn

25. Ýmsir þættir eru þekktir sem gera kleift að meta í hve miklum mæli staðgengd kann að eiga sér stað. Í einstökum tilvikum verða ákveðnir þættir afgerandi, allt eftir eiginleikum og sérkennum iðnaðarins og varanna eða þjónustunnar sem verið er að rannsaka. Í öðrum tilvikum kunna sömu þættir að skipta engu máli. Í flestum tilvikum verður ákvörðun að byggjast á fleiri en einu viðmiði og ólíkum matsþáttum. Við mat á staðreyndum fylgir Eftirlitsstofnun EFTA opinni aðferð sem miðar að því að nýta á skilvirkan hátt allar tiltækar upplýsingar sem kunna að skipta máli í einstökum tilvikum. Stofnunin fylgir engri fastákveðinni forgangsröð við nýtingu mismunandi heimilda eða þátta.
26. Í stuttu máli er viðkomandi markaður skilgreindur sem hér segir: Á grundvelli fyrstu tiltækra upplýsinga eða upplýsinga frá viðkomandi fyrirtækjum, getur Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna afmarkað í grófum dráttum þá viðkomandi markaði þar sem meta þarf t.d. samruna eða samkeppnishömlur. Í reynd er algengast við meðferð einstakra mála að velja þarf á milli fáeinna sem gætu komið til greina á viðkomandi markaði. Hvað varðar vörumarkaðinn er t.d. oft vandamál að ákveða hvort vara A og vara B tilheyra sama markaði eða ekki. Ef viðkomandi markaður tekur til vöru B nægir það oft til þess að ekki er lengur um að ræða samkeppnisvanda.
27. Við slíkar aðstæður er ekki nauðsynlegt að rannsaka hvort markaðurinn taki einnig til annarra vara, eða komast að endanlegri og nákvæmri skilgreiningu um vörumarkaðinn. Ef umrædd viðskipti benda ekki til þess að um sé að ræða samkeppnisvanda, þegar aðrir ólíkir markaðir eru athugaðir, verður ekki tekin afstaða til spurningarinnar um markaðsskilgreiningu, sem takmarkar þar með skyldu fyrirtækja til að veita upplýsingar.

Landfræðilegi markaðurinn

28. Aðferð Eftirlitsstofnunar EFTA við að skilgreina landfræðilegan markað er í stuttu máli sem hér segir: Þráðabirgðaafstaða er tekin til stærðar landfræðilega markaðarins á grundvelli almennra upplýsinga um skiptingu markaðshlutdeildar viðkomandi aðila og keppinauta þeirra og fyrstu athugun á verði og verðmismun í einstökum löndum og innan EES. Þessari forkönnun er einkum beitt sem vinnutilgátu þannig að stofnunin geti miðað frekari rannsóknir sínar að því ná fram nákvæmri skilgreiningu á landfræðilega markaðinum.
29. Rannsaka þarf nánar ástæðurnar fyrir ákveðnum aðstæðum með tilliti til verða og markaðshlutdeildar. Stór markaðshlutdeild fyrirtækja á heimamörkuðum kann að helgast eingöngu af styrkleika þeirra áður fyrr og aftur kann einsleit viðurvist fyrirtækjanna á öllu EES-svæðinu að vera í samræmi við aðstæður á heimamarkaði eða svæðisbundnum landfræðilegum mörkuðum. Því verður að bera upphaflegu vinnutilgátuna saman við greiningu á einkennum eftirspurnar (mikilvægi innlendra eða staðbundinna óska neytenda, kaupvenjur viðskiptavina, mismunandi vörur eða vörumerki, ásamt fleiru) til að ganga úr skugga um hvort unnt sé í reynd að líta á fyrirtæki á mismunandi svæðum sem aðrar hugsanlegar birgðalindir fyrir neytendur. Fræðilega tilraunin byggist enn á ný á staðgengd sem leiðir af breytingum á afstæðum verðum og spurningin sem svara verður er enn hvort viðskiptavinir viðkomandi aðila myndu beina þöntunum sínum til fyrirtækja annars staðar til skemmri tíma lítið og með smávægilegum tilkostnaði.

30. Ef nauðsyn krefur, fer fram frekari athugun á þáttum er varða framboð til að tryggja að fyrirtækin sem eru á hinum ýmsu svæðum séu ekki hindruð í að þróa eigin sölu í samkeppni á öllum landfræðilega markaðinum. Þessi greining mun fela í sér rannsókn á hugsanlegri þörf á að fyrirtækin stofni söludeildir á viðkomandi svæði, skilyrðum fyrir aðgangi að dreifingarleiðum, kostnaði við að koma á fót dreifikerfi og hugsanlegum lagalegum hindrunum sem leiða af opinberum innkaupum, verðstýringu, kvótum og gjöldum sem takmarka viðskipti eða framleiðslu, tæknilegum stöðlum, einokun, staðfesturétti, kröfum um leyfi stjórnvalda, umbúðareglugerðum, o.s.frv. Í stuttu máli mun Eftirlitsstofnun EFTA greina hugsanlega tálma og hindranir sem einangra fyrirtæki á tilteknu svæði frá samkeppnisþrýstingi fyrirtækja utan svæðisins, til að ákvarða nákvæmlega að hve miklu leyti markaðir renna saman innanlands, í Evrópu og í heiminum.
31. Raunverulegt viðskiptamynstur og þróun viðskipta veitir gagnlegar viðbótarupplýsingar um efnahagslegt mikilvægi sérhvers áðurnefnds þáttar eftirspurnar eða framboðs og um í hve miklum mæli þessir þættir kunna að byggja upp raunverulegar hindranir sem mynda ólíka landfræðilega markaði. Greining á viðskiptaflæði mun almennt taka til spurningarinnar um flutningskostnað og í hve ríkum mæli hann kann að hindra viðskipti milli ólíkra svæða um leið og tekið er mið af staðsetningu verkefni, framleiðslukostnaði og mismununar í verðlagi.

Markaðssamruni á Evrópska efnahagssvæðinu

32. Að síðustu tekur Eftirlitsstofnun EFTA einnig mið af áframhaldandi markaðssamruna á EES þegar hún skilgreinir landfræðilega markaði. Á gildissviði EES-samningsins⁽¹¹⁾ er ekki hægt að horfa framhjá þeim aðgerðum sem hafa verið samþykktar og hrundið í framkvæmd til að fjarlægja viðskiptahindranir og sameina EES-markaði enn frekar þegar meta á áhrif sem samruni fyrirtækja eða samstarf fyrirtækja um sameiginlegt verkefni hefur á samkeppni. Við aðstæður þar sem innlendir markaðir hafa áður verið einangraðir hver frá öðrum á óeðlilegan hátt vegna lagalegra hindrana sem nú hafa verið fjarlægðar mun það alla jafna leiða til varfærnislegs mats á fyrri upplýsingum um verð, markaðshlutdeild eða viðskiptamynstur. Markaðssamruni sem á skömmum tíma myndi leiða til stærri landfræðilegra markaða kynni því að vera tekin til greina þegar verið væri að skilgreina landfræðilega markaðinn í því skyni að meta samruna fyrirtækja og samstarf fyrirtækja um sameiginlegt verkefni.

Söfnun upplýsinga

33. Þegar þörf er talin á nákvæmri markaðsskilgreiningu mun Eftirlitsstofnun EFTA iðulega hafa samband við helstu viðskiptavina og fyrirtæki í greininni til að grennslast fyrir um skoðanir þeirra á afmörkun á vörumörkuðum og landfræðilegum mörkuðum og til að afla nákvæmra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að komast að niðurstöðu. Stofnunin kann einnig að hafa samband við viðkomandi fagfélög og fyrirtæki sem starfa á mörkuðum á fyrra framleiðslu- eða sölustigi svo hún geti skilgreint, sé þess þörf, aðskilda vörumarkaði og landfræðilega markaði fyrir mismunandi stig framleiðslu eða dreifingar á þeim vörum eða þeirri þjónustu sem um ræðir. Hún kann einnig að fara fram á frekari upplýsingar frá viðkomandi fyrirtækjum.
34. Þar sem við á mun Eftirlitsstofnun EFTA beina skriflegum beiðnum um upplýsingar til markaðsaðila sem um getur hér að framan. Þessar beiðnir munu alla jafna hafa að geyma spurningar um á hvaða hátt fyrirtæki skynja viðbrögð við ímynduðum verðhækkunum og skoðanir þeirra á takmörkunum viðkomandi markaðar. Þeir verða einnig beðnir um nákvæmar upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegar til að komast að niðurstöðu um umfang viðkomandi markaðar. Stofnunin kann einnig að ræða við stjórnendur á markaðssviði eða aðra yfirmenn þessara fyrirtækja til að öðlast betri skilning á hvernig samningaumleitani milli birgja og viðskiptavina eiga sér stað og til að átta sig betur á málefnum er varða skilgreiningu á viðkomandi markaði. Þar sem við á, kann hún einnig að heimsækja eða rannsaka athafnasvæði viðkomandi aðila, viðskiptavina og/eða keppinauta þeirra, til að öðlast betri skilning á því hvernig vörur eru framleiddar og seldar.

⁽¹¹⁾ Rétt er að taka fram að gildissvið EES-samningsins er takmarkaðra en EB-sáttmálans. Til dæmis kann sú staðreynd að ekkert tollabandalag er fyrir hendi og að reglum samningsins er beitt á takmarkaðan hátt gagnvart tilteknum vörum að hafa áhrif á markaðssamruna milli EFTA-ríkjanna og milli EFTA-ríkjanna og bandalagsins.

35. Þær upplýsingar sem máli skipta til að komast að niðurstöðu um vörumarkað er unnt að flokka sem hér segir:

Upplýsingar vegna skilgreiningar á vörumarkaði

36. Með því að greina eiginleika vörunnar og fyrirhugaða notkun getur Eftirlitsstofnun EFTA í fyrstu takmarkað rannsókn sína við hugsanlegar staðgengdarvörur. Þó nægja eiginleikar vörunnar og fyrirhuguð notkun ekki til að komast að niðurstöðu um hvort tvær vörur geti komið í stað hvor annarrar í eftirspurn. Það að vörur geti komið að sömu notum eða haft sambærilega eiginleika er ekki endilega fullnægjandi viðmið í sjálfu sér vegna þess að aðrir þættir kunna að ráða úrslitum um viðbrögð neytenda við breytingum á afstæðu verði. T.d. kunna að vera ólíkar samkeppnisaðstæður á markaði fyrir upprunalega hluti og varahluti í bíla, sem leiða því til tveggja aðskilinna markaða sem skipta máli. Á hinn bóginn nægja ólíkir vörueiginleikar í sjálfu sér ekki til að útiloka staðgengd í eftirspurn, þar sem hún er að miklu leyti undir því komin hvernig neytendur meta ólíka eiginleika.
37. Upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA telur skipta máli við að meta hvort tvær vörur eru staðgengdarvörur hvað varðar eftirspurn má flokka sem hér segir:
38. Upplýsingar um nýliðna staðgengd. Í ákveðnum tilvikum er hægt að greina upplýsingarnar um nýliðna atburði eða snöggar breytingar á markaðinum sem eru raunveruleg dæmi um staðgengd milli tveggja vara. Þegar slíkar upplýsingar eru tiltækar hafa þær alla jafna grundvallarþýðingu fyrir markaðsskilgreiningu. Ef breytingar hafa orðið á afstæðum verðum áður (allt annað er óbreytt) ráða viðbrögðin í formi eftirspurnar magns úrslitum um hvort hægt sé að tala um staðgengd. Fyrri markaðssetning nýrra vara getur einnig veitt gagnlegar upplýsingar þegar hægt er að greina nákvæmlega hvaða vörur hafa minnkað í sölu gagnvart nýju vörunni.
39. Til eru nokkur magnpróf sem er sérstaklega ætlað að afmarka markaði. Þessi próf samanstanda af ýmis konar hagamælingum og tölfræðilegum aðferðum: mati á verðteygni og víxlverðteygni⁽¹²⁾ vegna eftirspurnar eftir vöru, prófum sem byggjast á sambærilegum verðhreyfingum á ákveðnu tímabili, greiningu á orsakasambandi milli verðlags og sambærilegra verða og/eða verðsamleitni. Eftirlitsstofnun EFTA tekur mið af tiltækum magnupplýsingum sem standast nákvæma rannsókn þegar hún gengur úr skugga um fyrri staðgengdarmynstur.
40. Sjónarmið viðskiptavina og keppinauta. Eftirlitsstofnun EFTA kann að hafa samband við helstu viðskiptavina og keppinauta fyrirtækja sem hún hefur til athugunar til að henda reiður á skoðunum þeirra á takmörkunum á vörumarkaðinum sem og til að safna saman sem mestum nákvæmum upplýsingum sem hún þarfnast til að komast að niðurstöðu um umfang markaðarins. Rökstudd svör viðskiptavina og keppinauta við hvað myndi gerast ef afstæð verð á viðkomandi vörum hækkuðu lítillega (til dæmis 5% - 10%) á viðkomandi landfræðilegu svæði eru tekin til greina ef þeim fylgja fullnægjandi og nákvæmar upplýsingar.
41. Óskir neytenda. Þegar um er að ræða neytendavörur getur Eftirlitsstofnun EFTA átt erfitt með að henda reiður á skoðunum notenda staðgengdarvara. Markaðsrannsóknir sem fyrirtæki hafa látið gera áður og sem þau byggja á til að ákveða vöruverð og/eða í söluátökum, kunna að veita upplýsingar sem nýtast stofnuninni við að afmarka viðkomandi markað. Neytendakannanir um notkunarmynstur og -venjur, upplýsingar um innkaupavenjur neytenda, viðhorf smásala og almennar markaðsrannsóknir, sem málsaðilar og keppinautar þeirra láta í té, verða teknar til greina þegar gengið er úr skugga um hvort merkjanlegt hlutfall neytenda, í efnahagslegu tilliti, telur að tvær vörur geti komið í stað hvor annarrar, og er þá einnig tekið mið af mikilvægi vörumerkja umræddra vara. Aðferðir sem eru notaðar í neytendakönnunum, sem viðkomandi fyrirtæki eða keppinautar hafa gert í sérstökum tilgangi vegna málsmeðferðar í tengslum við samruna eða vegna málsmeðferðar samkvæmt II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól⁽¹³⁾, munu alla jafna verða athugaðar mjög gaumgæfilega. Ólíkt fyrirliiggjandi könnunum eru þær ekki gerðar í tengslum við eðlilegan rekstur til að byggja á viðskiptalegar ákvarðanir.

⁽¹²⁾ Sveigjanleiki eftirspurnar eftir vöru X er mælieining á hvernig eftirspurnin eftir X breytist við hlutfallsbreytingar á verði hennar. Víxlverðssveigjanleiki milli varanna X og Y er mælieining á hvernig eftirspurnin eftir X breytist við hlutfallsbreytingar á verði vöru Y.

⁽¹³⁾ Sjá neðanmálgrein 2.

42. Hindranir og kostnaður við að beina eftirspurn að hugsanlegum staðgengdarvörum. Ýmis konar hindranir og kostnaður kann að koma í veg fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA telji að tvær vörur, sem fljótt á litid virðast geta komið hvor í stað annarrar í eftirspurn, tilheyri einum vörumarkaði. Ekki er til að dreifa tæmandi lista yfir allar hugsanlegar hindranir á staðgengd og kostnað við að skipta um birgi. Þessar hindranir kunna að eiga sér ýmsar orsakir og í ákvörðunum sínum kann stofnunin að standa frammi fyrir lagalegum hindrunum á markaðinum eða annars konar ríkisafskiptum, markaðshindrunum á síðari framleiðslu- eða sölustigum, þörf á sérstökum fjárfestingum eða framleiðslutapi þegar skipt er um aðföng, landfræðilegri staðsetningu viðskiptavina, sérstökum fjárfestingum í framleiðsluferlinu, þjálfun starfsfólks og fjárfestingu í mannaúði, fjárfestingum vegna nýrra véla eða annars, óvissu um vörugæði og orðstír óþekktra birgja o.fl.
43. Ólíkir flokkar viðskiptavina og verðmismunun. Unnt er að þrengja umfang markaðarins ef um er að ræða aðskilda hópa viðskiptavina. Sérstakur hópur viðskiptavina fyrir viðkomandi vöru kann að mynda smærri, aðgreindan markað þegar unnt er að láta hann sæta verðmismunun. Þetta á sér alla jafna stað að tvennum skilyrðum uppfylltum: a) unnt er að greina á skýran hátt hvaða hópi einstakur viðskiptavinur tilheyrir þegar honum er seld viðkomandi vara, og b) viðskipti milli viðskiptavina eða misgengisviðskipti í gegnum þriðja aðila væru útilokuð.

Upplýsingar vegna skilgreiningar á landfræðilegum mörkuðum

44. Upplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA telur að skipti máli til að komast að niðurstöðu um landfræðilegan markað má flokka sem hér segir:
45. Fyrri upplýsingar um pantanir sem beint er til annarra svæða. Í ákveðnum tilvikum kunna að vera til upplýsingar um breytingar á verðum milli ólíkra svæða og viðbrögð viðskiptavina við þeim. Alla jafna má nota sömu magnprófin til að skilgreina landfræðilegan markað og eru notuð til að skilgreina vörumarkað, ef haft er í huga að alþjóðlegur verðsamanburður kann að vera margslungnari vegna ýmissa þátta svo sem sveiflna á gengi gjaldmiðla, skattlagningar og vörur aðgreiningar.
46. Grundvallareiginleikar eftirspurnar. Eðli eftirspurnar eftir viðkomandi vöru getur í sjálfu sér ákvarðað umfang landfræðilega markaðarins. Miklar líkur eru á að samkeppni afmarkist landfræðilega af þáttum eins og innlendum óskum eða því að innlend vörumerki eru tekin fram yfir önnur, tungumáli, menningu og lífsstíl, sem og þörf fyrir staðbundið útibú.
47. Sjónarmið viðskiptavina og keppinauta. Við rannsókn máls hefur Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, samband við helstu viðskiptavini og keppinauta viðkomandi aðila til að henda reiður á skoðunum þeirra á takmörkunum landfræðilega markaðarins og til að afla sem nákvæmasta upplýsinga, sem hún þarfnast til að komast að niðurstöðu um umfang markaðarins, þegar þær byggjast á fullnægjandi rökum.
48. Viðtekið landfræðilegt kaupmynstur. Rannsókn á viðteknu landfræðilegu kaupmynstri viðskiptavina veitir gagnlegar upplýsingar um hugsanlegt umfang landfræðilega markaðarins. Landfræðilegi markaðurinn telst alla jafna ná yfir allt Evrópska efnahagssvæðið ef viðskiptavinir kaupa af fyrirtækjum alls staðar á EES-svæðinu á sambærilegum kjörum eða afla vara með raunverulegu útbóði þar sem fyrirtæki alls staðar á EES bjóða í.
49. Vöruflæði/útflutningsmynstur. Þegar viðskiptavinir eru það margir að ógerlegt er að fá frá þeim skýra mynd af landfræðilegu innkaupmynstri, má í staðinn nota upplýsingar um vöruflæði, svo fremi að til séu nægilega ítarlegar verslunarskýrslur um viðkomandi vörur. Vöruflæði og umfram allt grundvöllur þeirra veita gagnlegar upplýsingar til að ákvarða umfang landfræðilega markaðarins, en skipta í sjálfu sér ekki sköpum.

50. Hindranir og kostnaður við að beina pöntunum til fyrirtækja á öðrum svæðum. Þrátt fyrir að t.d. innkaup eða flæði vara milli landa eigi sér sér ekki stað, þýðir það ekki endilega að markaðurinn takmarkist aðallega við innlendan markað. Þó verður að greina hindranir sem einangra innlenda markaðinn áður en ályktað er að viðkomandi landfræðilegur markaður sé í slíku tilviki innlendur. Ef til vill felst stærsta hindrunin sem viðskiptavinur mætir við að beina pöntunum til annarra svæða, í flutningskostnaði og takmörkunum á flutningum sem leiðir af löggjöf eða eðli viðkomandi vara. Flutningskostnaður takmarkar alla jafna stærð landfræðilega markaðarins þegar um er að ræða fyrirferðarmiklar lítt verðmætar vörur, en þó ber að hafa í huga að hlutfallslegur ávinningur af öðrum kostnaði (launakostnaði eða hráefni) kann að veða upp óhagræði vegna flutninga. Aðgangur að dreifingu á tilteknu svæði, reglugerðahindranir sem enn eru fyrir hendi á tilteknum sviðum, kvótar og tollar kunna einnig að mynda hindranir sem einangra landsvæði frá samkeppnisþrýstingi frá fyrirtækjum sem eru fyrir utan það svæði. Umtalsverður kostnaður við að útvega vörur frá fyrirtækjum í öðrum löndum kann einnig að leiða til slíkra hindrana.
51. Á grundvelli samsafnaðra upplýsinga mun Eftirlitsstofnun EFTA síðan skilgreina landfræðilegan markað sem kann að ná allt frá staðbundnum markaði til heimsmarkaðar.
52. Í málsgreinunum hér að framan er lýst mismunandi þáttum sem kunna að skipta máli við að skilgreina markaði. Þetta merkir þó ekki að í sérhverju tilviki sé nauðsynlegt að afla upplýsinga um og meta sérhvern þessara þátta. Í reynd myndar hluti þessara þátta iðulega fullnægjandi grundvöll til að komast að niðurstöðu.

IV ÚTREIKNINGUR Á MARKAÐSHLUTDEILD

53. Með því að skilgreina viðkomandi vöru- og landfræðilegan markað er hægt að greina birgja og viðskiptavini eða neytendur sem eru virkir á þeim markaði. Þannig er hægt að reikna út heildarmarkaðsstærð og markaðshlutdeild hvers birgis með hliðsjón af sölu hans á viðkomandi vöru á viðkomandi svæði. Í reynd er iðulega hægt að ráða heildarmarkaðsstærð og markaðshlutdeild af heimildum um markaðinn, þ.e.a.s. mati fyrirtækjanna og könnunum sem iðnráðgjafar og/eða verslunarsamtök gera. Þegar ekki er um slíkt að ræða eða þegar tiltækt mat er ekki áreiðanlegt mun Eftirlitsstofnun EFTA alla jafna biðja sérhvern birgi á viðkomandi markaði að gera grein fyrir sölu sinni þannig að hægt sé að reikna út heildarmarkaðsstærð og markaðshlutdeild.
54. Þrátt fyrir að sala myndi alla jafna grundvöllinn að útreikningi á markaðshlutdeild geta þó aðrar vísbendingar, allt eftir viðkomandi vöru eða iðngrein, veitt gagnlegar upplýsingar, einkum um framleiðslugetu, fjölda aðila á útboðsmarkaðinum, flotastærð, svo sem í flugsamgöngum, eða auðlindir, svo sem í námaíðnaði.
55. Það er þumalfingursregla að bæði magn og verðmæti sölu veitir gagnlegar upplýsingar. Þegar um er að ræða ólíkar vörur er alla jafna talið að söluverðmæti og markaðshlutdeild sem því tengist endurspeglar betur hlutfallslega stöðu og styrk einstakra birgja.

V ÖNNUR ÍHUGUNAREFNI

56. Á tilteknum sviðum verður að beita meginreglunum hér að framan af varúð. Þetta á við þegar frummarkaðir og afleiddir markaðir eru athugaðir, einkum þegar þörf er á að greina hegðun fyrirtækja á ákveðnum tímamarki samkvæmt 54 gr. EES-samningsins. Í þessum tilvikum er aðferðin við að skilgreina markaði sú sama, þ.e. að meta viðbrögð neytenda við breytingum á afstæðum verðum á grundvelli ákvarðana þeirra um innkaup, en að teknu tilliti til takmarkana á staðgengd sem leiðir af aðstæðum á tengdum mörkuðum. Ef samhæfi við frumvöruna er mikilvægt getur það leitt til þröngrar skilgreiningar á markaði fyrir fylgivörur, t.d. varahluti. Vandinn við að finna sambærilegar fylgivörur, ásamt háum verðum og löngum endingartíma á frumvörunum kann að gera hækkun á afstæðu verði á fylgivörum arðbæra. Markaðsskilgreiningin kann að verða önnur ef umtalsverð staðgengd getur orðið milli fylgivaranna eða ef eiginleikar frumvaranna gera skjót og bein viðbrögð neytenda við hækkun á afstæðu verði á fylgivörunum möguleg.

57. Í ákveðnum tilvikum geta staðgengdarkeðjur leitt til skilgreiningar á viðkomandi markaði þar sem ekki er um að ræða staðgengd á vörum eða svæðum við útmörk markaðarins. Sem dæmi má nefna landfræðilegan markað fyrir vöru sem mikill flutningskostnaður fylgir. Í slíkum tilvikum er afhending frá tiltekinni verksmiðju takmörkuð við ákveðið svæði í nágrenni hennar vegna flutningskostnaðar. Að meginreglu til gæti slíkt svæði myndað viðkomandi landfræðilegan markað. Ef verksmiðjurnar eru hins vegar dreifðar á þann hátt að nágrenni þeirra skarast verulega kann verðlagning á þessum vörum að takmarkast af áhrifum af keðjustaðgengd og leiða til skilgreiningar á víðari landfræðilegum markaði. Sama getur átt við ef vara B getur komið í stað vara A og C í eftirspurn. Jafnvel þó vörur A og C geti ekki komið beint í stað hvor annarrar í eftirspurn, gætu þær talist tilheyra sama viðkomandi vörumarkaði þar sem verðlagning þeirra kynni að takmarkast af staðgengdarvörinni B.
58. Af hagnýtum ástæðum verður hugtakið staðgengdarkeðja að vera stutt áþreifanlegum gögnum, til dæmis verðum sem eru háð innbyrðis við útmörk staðgengdarkeðjanna til þess að hægt sé að tala um stærri viðkomandi markað í einstöku tilviki. Verðlag á útmörkum keðjunnar yrði einnig að vera af sömu stærðargráðu.

II. VIÐAUKI

Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

- A. Þessi tilkynning er birt samkvæmt reglum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út tilkynningu um minniháttar samninga sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans ⁽¹⁾. Þessi gerð sem ekki er bindandi hefur að geyma meginreglur og ákvæði sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fylgir á sviði samkeppnismála.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrrnefnd gerð varði EES. Til að viðhalda jöfnum samkeppnis-skilyrðum og tryggja samræmda beitingu samkeppnisreglna EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu tekur Eftirlitsstofnun EFTA upp þessa tilkynningu í krafti þess valds sem henni er veitt samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól. Hún ætlar að fylgja þeim meginreglum og ákvæðum sem kveðið er á um í þessari tilkynningu þegar hún beitir viðeigandi samkeppnisreglum EES í tilteknu máli.
- D. Þessi tilkynning kemur í stað tilkynningar eftirlitsstofnunarinnar sem var samþykkt sem IX. viðauki við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar frá 12. janúar 1994, eins og henni var breytt með ákvörðun 15. maí 1996.⁽²⁾

I

- 1. Eftirlitsstofnun EFTA telur mikilvægt að auðvelda samvinnu fyrirtækja þegar slík samvinna er æskileg í efnahagslegu tilliti og veldur engum vanda sé tekið mið af stefnu í samkeppnismálum. Í þessu skyni birti hún tilkynningu um samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði samvinnu fyrirtækja⁽³⁾ þar sem nokkrir samningar eru taldir upp sem eðlis síns vegna er ekki hægt að telja að takmarki samkeppni. Ennfremur taldi Eftirlitsstofnun EFTA í tilkynningu um mat á tilteknum undirverktakasamningum⁽⁴⁾, að sú tegund samnings sem veitir öllum fyrirtækjum tækifæri til þróunar, félli ekki sjálfkrafa undir gildissvið 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Í tilkynningunni um mat á samvinnufyrirtæki um sameiginleg verkefni í samræmi við 53. gr. EES-samningsins⁽⁵⁾ er lýst nákvæmlega skilyrðunum sem viðkomandi samningar verða að uppfylla til að bannið um takmarkandi samninga taki ekki til þeirra. Með því að gefa út þessa tilkynningu leitast Eftirlitsstofnun EFTA við að skilgreina nánar gildissvið 1. mgr. 53. gr. til að auðvelda samvinnu fyrirtækja.
- 2. 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins bannar samninga sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem EES-samningurinn tekur til. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur úrskurðað að samsvarandi 1. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins gildi ekki um samninga sem ekki hafa merkjanleg áhrif á viðskipti innan bandalagsins eða á samkeppni. Þessari reglu ber einnig að beita gagnvart 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins þannig að þetta ákvæði gildir ekki ef samningar hafa ekki merkjanleg áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum eða á samkeppni. Samningar sem hafa ekki merkjanleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila falla ekki undir 53. gr. Því ber að rannsaka þá á grundvelli og innan ramma landslaga eingöngu. Þetta gildir einnig um samninga ef raunveruleg eða hugsanleg áhrif þeirra takmarkast við yfirráðasvæði eins samningsaðilans eða eins eða fleiri þriðju landa. Á sama hátt gildir bannið í 1. mgr. 53. gr. ekki um samninga sem ekki hafa að markmiði að takmarka samkeppni né af þeim leiðir að þeir takmarka samkeppni á merkjanlegan hátt.

(1) Stjútíð. EB nr. C 372, 9. 12. 1997, bls. 13.

(2) Stjútíð. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 32, Stjútíð. EB nr. C 281, 26. 9. 1996, bls. 20 og EES viðbætur nr. 43, 26. 9. 1996, bls. 10.

(3) Stjútíð. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 25 og EES viðbætur nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 24.

(4) Stjútíð. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 30 og EES viðbætur nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 29.

(5) Stjútíð. EB nr. L 186, 21. 7. 1994, bls. 58 og EES viðbætur nr. 22, 21. 7. 1994, bls. 4.

3. Með því að setja magnviðmið og skýra notkun þeirra hefur Eftirlitsstofnun EFTA með þessari tilkynningu útskýrt hugtakið „merkjanlegur“ nægilega vel til þess að fyrirtæki geti sjálf dæmt hvort samningar þeirra falli undir bannið í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða ekki í ljósi minniháttar vægis þeirra. Magnskilgreining á merkjanleika er þó aðeins til leiðbeiningar: í einstökum málum geta jafnvel samningar milli fyrirtækja sem fara yfir hámarkið sem kveðið er á um hér á eftir haft aðeins óveruleg áhrif á viðskipti milli samningsaðila eða á samkeppni á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til og verið undanþegnir 1. mgr. 53. gr. Þessi tilkynning hefur ekki að geyma tæmandi lýsingu á takmörkunum sem falla utan gildissviðs 1. mgr. 53. gr. Almennt er viðurkennt að jafnvel samningar sem ekki eru minni háttar geti komist hjá banninu um samninga vegna þess að þeir hafi eingöngu jákvæð áhrif á samkeppni.
4. Viðmiðin og leiðbeiningarnar sem Eftirlitsstofnun EFTA veitir í þessari tilkynningu ættu að koma í veg fyrir að Eftirlitsstofnun EFTA þurfi að ganga úr skugga um lagagildi samninga, sem tilkynningin tekur til, með einstökum ákvörðunum. Því er ekki lengur nauðsynlegt að tilkynna slíka samninga. Ef vafi leikur á hvort einstakur samningur kunni að hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum eða takmarki samkeppni í einhverjum verulegum mæli er fyrirtækjum þó frjálst að óska eftir að mótæmælum verði ekki hreyft vegna hans eða að tilkynna samninginn í samræmi við II. kafla⁽⁶⁾, VI. kafla⁽⁷⁾, IX. kafla⁽⁸⁾ og XI. kafla⁽⁹⁾ í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
5. Í málum sem þessi tilkynning tekur til og með fyrirvara um 11. og 20. lið mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki hefja sérstakan málarekstur hvorki samkvæmt beiðni né að eigin frumkvæði. Ef fyrirtæki hafa látið hjá líða að tilkynna samning sem fellur undir gildissvið 1. mgr. 53. gr. vegna þess að þau gengu útfra því í góðri trú að samningurinn félli undir þessa tilkynningu, mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki fhuga að sekta þau.
6. Þessi tilkynning gildir einnig um samtök fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.
7. Þessi tilkynning er með fyrirvara um sérhverja túlkun annarra þar til bærri yfirvalda og einkum innlendra dómstóla, dómstóls EFTA, EB-dómstólsins eða dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.
8. Þessi tilkynning er með fyrirvara um beitingu innlendra samkeppnislaga.

II

9. Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að samningar milli fyrirtækja sem framleiða eða dreifa vörum eða veita þjónustu falli ekki undir bannið í 1. mgr. 53. gr. ef samanlögð markaðshlutdeild allra samstarfsfyrirtækja fer á engum markaði sem skiptir máli yfir:
 - a) 5% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem starfa á sama framleiðslu- eða sölustigi („láréttur“ samningur),
 - b) 10% viðmiðunarmörk, ef samningurinn er á milli fyrirtækja sem hafa með höndum ólíkan atvinnurekstur („lóðréttur“ samningur).

Ef um sambland af láréttum og lóðréttum samningum er að ræða eða ef erfitt er að flokka samning annaðhvort sem láréttan eða lóðréttan gilda 5% viðmiðunarmörkin.
10. Eftirlitsstofnun EFTA er einnig þeirrar skoðunar að umræddir samningar falli ekki undir bannið í 1. mgr. 53. gr. ef, tvö fjárhagsár í röð, ekki er farið meira en einn tíunda umfram viðmiðunarmörk markaðshlutdeildar sem kveðið er á um í 9. lið.
11. Svo fremi um sé að ræða:
 - a) lárétta samninga sem hafa að markmiði

⁽⁶⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 17/62.

⁽⁷⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1017/68.

⁽⁸⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86.

⁽⁹⁾ Samsvarar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87.

- að fastsetja verð eða takmarka framleiðslu eða sölu, eða
 - að skipta mörkuðum eða birgðauppsprettum,
- b) lóðréttá samninga sem hafa að markmiði
- að fastsetja endursöluverð, eða
 - tryggja samstarfsfyrirtækjum eða þriðju fyrirtækjum svæðisvernd,

er ekki unnt að útiloka að 1. mgr. 53. gr. sé beitt, jafnvel þótt samanlögð markaðshlutdeild samstarfsfyrirtækjanna sé lægri en viðmiðunarmörkin í 9. og 10. lið.

Eftirlitsstofnun EFTA telur þó að í upphafi beri yfirvöldum og dómstólum samningsaðilanna að grípa til aðgerða gagnvart sérhverjum samningi sem um getur í a- og b-lið. Þar af leiðandi mun hún eingöngu hafa afskipti af slíkum málum þegar hún telur nauðsynlegt að vernda hagsmuni sem kveðið er á um í EES-samningnum og einkum ef um er að ræða samninga sem skaða eðlilega starfsemi innri markaðarins eins og hann hefur með EES-samningnum verið færður út til EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES.

12. Í þessari tilkynningu eru „samstarfsfyrirtæki“:

- a) fyrirtæki sem eiga aðild að samningnum,
- b) fyrirtæki þar sem aðili að samningnum beint eða óbeint,
- á meira en helminginn af eigin fé eða rekstrarfjármunum, eða
 - ræður meira en helmingi atkvæða, eða
 - getur tilnefnt meira en helming þeirra sem sæti eiga í yfirstjórninni, framkvæmdastjórninni eða stofnunum sem eru löglegir forsvarsmenn fyrirtækjanna, eða
 - hefur rétt til að stjórna viðskiptum fyrirtækisins,
- c) fyrirtæki sem beint eða óbeint hafa þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið yfir aðila að samningnum,
- d) fyrirtæki þar sem fyrirtæki sem um getur í c-lið hefur beint eða óbeint þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið.

Fyrirtæki þar sem nokkur fyrirtæki sem um getur í a- til d-liðar hafa sameiginlega, beint eða óbeint þau réttindi eða völd sem talin eru upp í b-lið skulu einnig talin samstarfsfyrirtæki.

13. Til þess að reikna út markaðshlutdeild er nauðsynlegt að ákvarða viðkomandi markað. Þetta þýðir að skilgreina verður bæði viðkomandi vörumarkað og viðkomandi landfræðilegan markað.
14. Viðkomandi vörumarkaður tekur til sérhverrar vöru eða þjónustu sem neytandi telur hliðstæða eða jafngilda vegna einkenna, verðs og fyrirhugaðrar notkunar.
15. Viðkomandi landfræðilegur markaður telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki taka þátt í viðskiptum með vörur eða þjónustu og samkeppnisaðstæður eru svo líkar innbyrðis að hægt er að greina hann frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisaðstæður eru greinilega með ólíkum hætti á þessum svæðum.

16. Við beitingu 14. og 15. liðar ber að taka mið af tilkynningunni um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu⁽¹⁰⁾.
17. Ef vafi leikur á afmörkun á viðkomandi landfræðilegum markaði, geta fyrirtæki gert ráð fyrir því að samningurinn hafi engin merkjanleg áhrif á viðskipti milli þeirra ríkja sem aðild eiga að EES-samningnum né á samkeppni þegar ekki er farið yfir viðmiðin um markaðshlutdeild sem um getur í 9. og 10. lið í neinu þeirra ríkja sem eru á því svæði sem EES-samningurinn tekur til. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að innlendum samkeppnislögum sé beitt gagnvart umræddum samningum.
18. II. kafli í þessari tilkynningu gildir ekki ef samkeppni á viðkomandi markaði takmarkast af uppsöfnuðum áhrifum af samhliða netum sambærilegra samninga á milli margra framleiðenda eða seljenda.

III

19. Samningar milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/96/COL frá 11. september 1996⁽¹¹⁾ geta sjaldan haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli ríkja sem eiga aðild að EES-samningnum og samkeppni á EES-svæðinu. Þar af leiðandi falla þeir að meginreglu til ekki undir bannið í 1. mgr. 53. gr. Ef slíkir samningar uppfylla í undantekningartilvikum skilyrðin fyrir beitingu þess ákvæðis munu þeir ekki skipta hagsmuni samningsaðila EES það miklu máli að þörf sé á að hafa afskipti af þeim. Þess vegna mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki hefja málarekstur, hvorki samkvæmt beiðni né að eigin frumkvæði, til að beita ákvæðum 1. mgr. 53. gr. gagnvart slíkum samningum, jafnvel þó farið sé yfir viðmiðin sem kveðið er á um í 9. og 10. lið.
20. Eftirlitsstofnun EFTA áskilur sér þó rétt til að hafa afskipti af slíkum samningum:
 - a) ef þeir hamla samkeppni verulega á umtalsverðum hluta viðkomandi markaðar,
 - b) ef samkeppni á hinum viðkomandi markaði er takmörkuð af uppsöfnunaráhrifum samhliða neta sambærilegra samninga milli nokkurra framleiðenda eða seljenda.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB nr. L 200, 16. 7. 1998 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 16. 7. 1998.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 13. 2. 1997, bls. 33 og EES viðbætur nr. 7, 13. 2. 1997, bls. 1.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1097 – Wacker/Air products)

98/EES/28/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Wacker-Chemie GmbH (Wacker) og Air Products and Chemicals Inc (Air Products) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir tveimur fyrirtækjum um sameiginlegt verkefni, þ.e. DC og PC.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Wacker: hálfleiðarar, fjölliður, kísill og önnur efni,
 - Air Products: iðnaðargas, kemísk efni, orkukerfi, tæki og þjónusta,
 - DC: dreifilausnir,
 - PC: duft efni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 220, 16. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1097 – Wacker/Air products, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1230 – Glaverbel/PPG)****98/EES/28/03**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækið Glaverbel SA, Belgíu (Glaverbel) sem er undir yfirráðum samstæðunnar Asahi öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir PPG European Glass (PPF), sem áður var undir stjórn PPG Industries Inc., USA, með kaupum á hlutum og eignum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Glaverbel: framleiðsla og sala á flæðigleri, einkum fyrir byggingar-, flutninga- og rafeindaiðnaðinn,
 - PPG: framleiðsla og sala á flæðigleri, einkum fyrir byggingar- og flutningaiðnaðinn.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 219, 15. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1230 – Glaverbel/PPG, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/JV.4 – Orange/Viag)****98/EES/28/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Drange Overseas Holding Limited og Viag AG stofna fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, undir heitinu Orange Communications S.A., í samræmi við ákvæði b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins,
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Orange Overseas Holding Limited: fjarskipti,
 - Viag AG: fjarskipti, orka, kemísk efni, pökkunarstarfsemi og birgðastýring,
 - Orange Communications S.A.: fjarskipti.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 224, 17. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.4 – Orange/Viag, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja **98/EES/28/05** **(Mál nr. IV/JV.5 – Cegetel/Canal+/America Online/Bertelsmann)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Cegetel S.A., Canal+ S.A., America Online Inc., og Bertelsmann AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu AOL/CIS „France S.A.S.“ með kaupum á hlutabréfum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Cegetel S.A.: ýmis konar þjónusta á sviði fjarskipta,
 - Canal+ S.A.: áskriftarsjónvarp, dreifing á sjónvarpsefni um kapal og gervihnött og framleiðsla og dreifing á dagskrárefni,
 - America Online Inc.: gagnvirk þjónusta til einstakra áskrifenda víða um heim,
 - Bertelsmann AG: útgáfa á bókum, dagblöðum og tímaritum, útgáfa og dreifing á tónlist og hljómplötum, dagskrárefni fyrir einkareknar sjónvarpsstöðvar og margmiðlun,
 - AOL/CIS France S.A.S.: gagnvirk þjónusta til viðskiptavina sem ekki tilheyra fyrirtækjum í gegnum dótturfyrirtækin AOL Bertelsmann, Online France SNC og Compuserve Interactive Services France SNC sem eru að öllu leyti í þess eigu.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjttíð. EB nr. C 213, 9. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.5 – Cegetel/Canal+/America Online/Bertelsmann, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjttíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjttíð. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/JV.6 – Ericsson/Nokia/Psion)**

98/EES/28/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Telefonaktiebolaget LM Ericsson (Ericsson), Nokia Corporation og Psion AG öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Symbian Limited með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ericsson: þróun, framleiðsla og markaðssetning á farsímakerfum, fjarskiptaupplýsingakerfum og farsímum og stöðvum,
 - Nokia: rannsóknir, þróun og dreifing á fjarskiptakerfum, farsímum, endabúnaði fyrir margmiðlunarkerfi og iðnaðarrafendabúnaður,
 - Psion: þróun, framleiðsla og markaðssetning á handbærum tölvum og mótöldum,
 - Symbian: hönnun og markaðssetning á hugbúnaðarstýrikerfum og framköllunartækjum fyrir fjarskiptabúnað með lesminni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 219, 15. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/JV.6 – Ericsson/Nokia/Psion, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**Tilkynning um samstarfsamninga
(Mál nr. IV/37.078/F-3)**

98/EES/28/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 29. maí 1998 tilkynning í samræmi við 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 17/62⁽²⁾ um nokkra samninga um samstarf milli E.I. DuPont de Nemours and Company (DuPont) og Pioneer Hi-Breed International, Inc. (Pioneer).

DuPont og Pioneer hafa mynda félag um rannsóknar til að þróa gæðaeiginleika í korni, sojabaunum og völdum fræjum sem olía er unnin úr, fyrir fóður- og matvælaframleiðslu og til notkunar í iðnaði. Samningsaðilarnir hafa einnig komið á fót fyrirtæki um sameiginlegt verkefni til að selja tækni sem þróuð er af rannsóknarfélaginu sem og tiltekna vörur frá DuPont og Pioneer. Fyrirtækið um sameiginlega verkefnið mun hafa einkarétt á að selja gæðakorn sem félagið mun þróa. Með því að sameina sérfræðikunnáttu sína vonast samningsaðilarnir til að flýta fyrir uppgötvunum, þróun og dreifingu á gæðakorni og tækni hvað varðar eiginleika gæðakorns sem gagnast notendum á sviði fóður- og matvælaframleiðslu sem og í iðnaði. Til að styrkja samstarfið hefur DuPont keypt 20% af hlutum í Pioneer.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. 13 frá 21. 2. 1962, bls. 204/62.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.
4. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en 10 dögum eftir að þessi tilkynning birtist í Stjtið. EB nr. C 219, 15. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 02) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/37.078/F-3, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate F
Office 1/150
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1231 – IVO/Stockholm Energi)

98/EES/28/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. júlí 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Stockholms Stadshus AB (Stadshuset) og IVO Energi AB (IVO) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir tveimur starfandi fyrirtækjum, þ.e. Stockholm Energi AB (Stockholm Energi) og Gullspång Kraft AB (Gullspång), með framsali á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Stadshuset: eignarhaldsfélag sem sameinar starfsemi fyrirtækja í eigu Stokkhólmsborgar, m.a. á sviði húsnaðismála, orku- og vatnsveitu, hafnarstjórnar og sorphirðu,
 - Stockholm Energi: rafmagn, hitaveita, kælibúnaður og gas,
 - IVO: (starfar aðallega í gegnum dótturfyrirtækið Gullspång Kraft): rafmagn, hitaveita, kerfi fyrir rafmagnsmælingar.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. EB nr. C 217, 11. 7. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1231 – IVO/Stockholm Energi, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989, bls. 1, leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97, Stjtið. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1 og leiðrétt með Stjtið. EB nr. L 40, 13. 2. 1998, bls. 17.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.931 – Neste/IVO)****98/EES/28/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 2. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M0931. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1148 – STET/GET/Madrid Cable)****98/EES/28/10**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á spænsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CES“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1148. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1153 – Krauss-Maffei/Wegmann)****98/EES/28/11**

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutöku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1153. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1154 – McDermott/ETPM)**

98/EES/28/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutöku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1154. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1162 – GE/Bayer)**

98/EES/28/13

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutöku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1162. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1186 – GEAL/CREA/CGE)****98/EES/28/14**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1186. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1100 - CGEA/Linjebuss)****98/EES/28/15**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1100. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1101 – Hermes/Sampo/FGB - FCIC)**

98/EES/28/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1101. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1110 – VAW/Reynolds Metals)**

98/EES/28/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1110. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1122 – Kredietbank/Cera Bank)****98/EES/28/18**

Framkvæmdastjórnin ákvað 18. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á hollensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CNL“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1122. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1142 – Commercial Union/General Accident)****98/EES/28/19**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1142. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1146 – SHV Energy/Thyssen Klöckner Recycling
(sjá CECA 1271)

98/EES/28/20

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1146. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1178 – Koch/Euro Splitter & J. Aron)

98/EES/28/21

Framkvæmdastjórnin ákvað 14. 5. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1178. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(Mál nr. IV/M.1195 – Siebe/Eurotherm)****98/EES/28/22**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 6. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1195. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Ríkisaðstoð
Mál nr. C 11/98
Þýskaland****98/EES/28/23**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar sem Þýskaland veitti fyrirtækinu Addinol Mineralöl GmbH i.GV. og nýstofnuðu aðskildu undirverktakafyrirtæki sem er hlutafélag (sjá nánari útlitun í Stjútíð. EB nr. C 186 frá 16. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjútíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General for Competition (DG IV)
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 21/98
Ítalía

98/EES/28/24

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðarráðstafana í því skyni að endurskipuleggja farmflutninga á vegum og þróa samþætta flutninga (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 186 frá 16. 6. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Directorate-General VII
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels
Bréfasími +32 2 296 83 55

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 48/97
Svíþjóð

98/EES/28/25

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hætta málsmeðferð, sem hafin var 10. september 1997, í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna flutningsaðstoðar við fyrirtækið Volvo Truck Corporation í Umeå (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 215 frá 10. 7. 1998).

Ríkisaðstoð
Mál nr. C 17/98
Þýskaland

98/EES/28/26

